



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar 23.05.23	Tími 17:00	Staður HT - 101	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Rebekka Karlsdóttir	Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson og María Sól Antonsdóttir	Dags. rituð 23.05.23	
Fundaraðilar fráfarandi stúdentaráðs mættir (fyrri hluti):			
<u>Félagsvísindasvið:</u> Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva) Viktor Ágústsson (Röskva) Diljá Ingólfssdóttir (Röskva) Dagur Kárason (Vaka) Kristmundur Pétursson fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u> Kristín Brynjarsdóttir fyrir Dagnýju Þóru Óskarsdóttur (Röskva) Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva) Styrmir Hallsson fyrir Andra Má Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u> Rakel Anna Boulter (Röskva) Draumeý Ósk Ómarsdóttir (Röskva) <i>teams</i>			
<u>Menntavísindasvið:</u> Rannveig Klara Guðmundsdóttir fyrir Auði Eir Sigurðardóttur (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u> Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva) Sigurþór Maggi Snorrason (Röskva) <i>mætti 17:26</i> Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir fyrir Dagmar Óladóttur (Röskva)			
Fundarmenn fráfarandi stúdentaráðs fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Hugvísindasvið:</u> Magnús Orri Aðalsteinsson			
<u>Menntavísindasvið:</u> Ísak Kárason (Röskva), Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
Aðrir fundaraðilar án atkvæðisréttta (fyrri hluti) Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ Katrín Björk Kristjánsdóttir, Hagsmunafulltrúi SHÍ María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ (ritari) Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdarstjóri SHÍ (ritari) Arent Orri Jónsson Berglind Bjarnadóttir Signý Pála Pálsdóttir Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir Linda Rún Jónsdóttir Sigurbjörg Guðmundsdóttir Logi Stefánsson Nana Bruhn Rasmussen, alþjóðafulltrúi SHÍ Kolbrá Brynjarsdóttir (Nýtt stúdentaráð)			



Fundaraðilar nýs stúdentaráðs mættir (seinni hluti):

Félagsvísindasvið:

Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)

Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)

Laureen Ósk Jibrayel fyrir Emilíu Björt Írisard. Bachmann (Röskva)

Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)

Kristmundur Pétursson (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)

Kristrún Vala Ólafsdóttir fyrir Daniel Thor Myer (Röskva)

Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)

Hugvísindasvið:

Guðni Thorlacius (Röskva)

Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)

Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Menntavísindasvið:

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)

Alex Elí Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

María Rós Kaldalóns (Röskva) *teams*

Davíð Ásmundsson (Röskva)

Fundarmenn nýs stúdentaráðs fjarverandi og án varafulltrúa:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Eiður Snær Unnarsson (Vaka)

Aðrir fundaraðilar án atkvæðisréttar (seinni hluti)

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ

Rebekka Karlsdóttir

Gréta Dögg Þórisdóttir

Katrín Björk Kristjánsdóttir

María Sól Antonsdóttir, (ritari)

Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdarstjóri SHÍ (ritari)

Arent Orri Jónsson

Berglind Bjarnadóttir

Signý Pála Pálsdóttir

Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir

Linda Rún Jónsdóttir

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

Logi Stefánsson

Nana Bruhn Rasmussen, alþjóðafulltrúi SHÍ

Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

Kolbrá Brynjarsdóttir

Brynhildur Þorbjarnardóttir

(Fráfarandi stúdentaráð)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 23. maí í stofu HT-101 kl. 17:00

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð stúdentaráðsfundar 8. mars borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote/approval on minutes from last meeting
3. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 17:10-17:20
Presentation on the financial budget of the Student Council
4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2022-2023 17:20 - 17:40
Annual report of the Student Council 2022-2023
5. Tilkynning um formlega aðgerðaáætlun Stúdentaráðs fyrir rektorskosningar 17:40 - 17:45
Proposal for the Student Council's formal operational plan for the election of rector
6. Bókfærð mál fyrri hluta.
Recorded issues
7. **Nýtt Stúdentaráð 2023-2024 tekur við 17:45-17:50**
The new Student Council 2023-2024 takes over
8. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17.50-17:55
Vote on minutes from the electoral meeting
9. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:55-18:15
Practical information for new Student Council members
10. Hlé 18:15-18:25
Intermission
11. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkv.greiðsla) 18:25-18:30
Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (vote)
12. Kynning “Það sem ég hefði viljað vita fyrir ári síðan”. 18:30-18:40
Presentation ‘What I would have wanted to know a year ago’
13. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða 18:40-18:50
General inquiries by new Student Council members



Stúdentaráð Háskóla Íslands

14. Önnur mál

Other issues

15. Fundi slitið

Meeting adjourned

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fráfarandi forseti Stúdentaráðs stýrir fundi þar til nýtt Stúdentaráð tekur formlega við.

2. Fundargerð Stúdentaráðsfundar 8. mars borin upp til samþykktar (*atkvæðagreiðsla*)
17:05-17:07

Vote on minutes from the Student Council meeting on March 8th.

a. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

3. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-2023 17:07-17:12

Annual budget of the Student Council 2022-2023

a. Ársreikningur Stúdentaráðs 2022-2023 er kynntur eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs, sem miðast við starfstímabilið. Vegna þessa mun nýja Stúdentaráðið taka ársreikninginn fyrir 2022-2023 til afgreiðslu þegar hann berst. Í millitíðinni fer framkvæmdastjóri yfir fjárhagsstöðuna.

Maggi Snorra mætir kl 17:27

4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2022-2023 17:12-17:27

Annual report of the Student Council 2022-2023

- Fráfarandi forseti Stúdentaráðs fer yfir starfsemi Stúdentaráðs síðastliðið ár.
- Rakel Anna spyr um fjölda eintaka sem verður prentað út. Forseti svarar að það verði eitt eintak á skrifstofunni og ekki er komið á hreint hvort að prentað verði fleiri eintök.
- Dagbjört spyr hvort að það komi skýrslur frá hverju sviðsráði fyrir sig. Forseti svarar að þær sé að finna aftast í ársskýrslunni.
- Brynhildur spyr hver staðan á að HÍ lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum sem forseti gefur gróf skil á núverandi stöðu - ekki er vitað nákvæmlega hver staðan er.
- Forseti fer yfir ávarp forseta og kveður og þakkar fyrir samstarfið á starfsárinu.
Lófatak.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

5. Tillaga um formlega aðgerðaáætlun Stúdentaráðs fyrir rektorskosningar
(atkvæðagreiðsla) 17:27-17:33

Proposal for the Student Council's formal operational plan for the election of rector.

- a. Tillöguberi (*Maggi*) flytur tillöguna

- T I L L A G A -

um formlega aðgerðaáætlun Stúdentaráðs í kosningum til rektors

Lagt er til að verklagi fyrir kosningar til rektors verði bætt við verklagsreglur Stúdentaráðs. Verklagið skal kveða á um hvernig Stúdentaráð skal tryggja að málefni stúdenta hafi vægi í kosningunum og að stúdentum gefist kostur til þess að nálgast frambjóðendur beint. Auk þess skal verklagið skýra hvernig fulltrúar stúdenta í kjörstjórn skulu valdir. Stjórn Stúdentaráðs skal útfæra lokadrög verklags með skrifstofu Stúdentaráðs.

- R Ö K S T U ð N I N G U R -

Fram kemur í 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands: „Þá eiga atkvæðisrétt allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands við upphaf kjörfundar. Atkvæði starfsmanna skulu samtals vega 70% í kjörinu og atkvæði stúdenta skulu samtals vega 30%.“¹ Þar sem rektor starfar í beinu umboði stúdenta þá er mikilvægt að stúdentar nýti það til fulls og geri hugsanlegum rektor það viðvart frá fyrsta degi með því að tryggja vægi málefna stúdenta í kosningabaráttunni.

Undirritaður telur að flestir stúdentar séu ekki meðvitaðir um þetta fyrirkomulag á vali rektors enda er kjörtímabil rektors 5 ár, en oft stunda stúdentar nám í skemmri tíma. Því þykir undirrituðum mikilvægt að komið sé á verklagi sem tryggir stofnanaminni Stúdentaráðs þar sem aðkoma stúdenta að rektorskosningum er útskýrð og eflid ef hægt er.

Samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands eiga stúdentar einnig tvo fulltrúa í kjörstjórn fyrir kosningar til rektors. Undirrituðum þykir því mikilvægt að verklag í kringum skipan þessara fulltrúa stúdenta sé skýrt. Við gerð þessarar tillögu fannst ekkert um hvernig þessir fulltrúar stúdenta hafi verið valdir og því mætti athuga það betur við gerð verklagsins.

Til þess að tryggja að stúdentar eigi greiðan aðgang að frambjóðendum og að málefni stúdenta heyrast telur undirritaður að stúdentaráð eigi að vera áberandi með kröfur sínar og halda viðburði eins og

¹ https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands#6



pallborðsumræður sérstaklega fyrir stúdenta. Á sama tíma telur undirritaður að stúdentaráð gæti jafnræðis milli frambjóðenda og að stúdentaráð skuli ekki taka afstöðu með ákveðnum frambjóðendum.

Undirritaður leggur til að stjórn stúdentaráðs og skrifstofa sjái um að útfæra þetta verklag og bera undir stúdentaráð í kjölfar þess. Vel er hægt er að skoða aðrar leiðir til þess að tryggja stofnanaminni um aðkomu stúdenta að rektorskosningum, teljist það betra. Þó ítrekar undirritaður að jafnvel þótt verklagið sé hugsað til eins árs eru þær oftast en ekki byggðar á verklagi ársins á undan. Þannig getur verklagið virkað sem góð áminning á rektorskosningarnar og að minnsta kosti tryggt að forsvarsfólk stúdenta sé meðvitað um fyrirkomulagið og reynsluna.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

b. Mælendaskrá opin

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

Tillagan er því samþykkt.

6. Bókfærð mál

a. Nýr varafulltrúi á háskólaþingi 26. Apríl

1. *Vaka tilnefnir á háskólaþingi 26. Apríl 2023 Arent Orra Jónsson vegna forfalla aðalfulltrúa og varafulltrúa*

Dagur Kárason,

Oddviti Vöku

7. **Nýtt Stúdentaráð 2023-2024 tekur við 17:33-17:38**

The new Student Council 2023-2024 takes over

a. Forseti 2023-2024 tekur við fundarstjórn og nýtt Stúdentaráð tekur þar með formlega við. Fráfarandi ráð missir tillögu- og atkvæðisrétt sinn.

8. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:38-17:41

Vote on minutes from the Election Meeting

a. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

9. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:41-17:51

Practical information for new Student Council members



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- a. Farið yfir praktísk atriði varðandi stúdentaráðsfundi; fundarboðanir, fundarsköp, atkvæðagreiðslur, bókanir, tillögur, upphaf mála og hvernig mál eru unnin.
- b. Handbók Stúdentaráðsliða kynnt
- c. Mælendaskrá opin

Forseti leggur fram dagskrárbreytingartillögu sem hljóðar svo að fresta fundarhléi um einn fundarlið (þ.e. að fundarliður 11. verði tekinn fyrir á undan fundarlið 10. – hléi).

Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt með 16 atkvæðum

10. Fundarhlé 17:51-18:00

Intermission

11. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (*atkvæðagreiðsla*)

17:51-17:51 (færður dagskrárliður)

Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)

- a. *Ekki bárust tilnefningar fyrir fundinn og því er þessum fundi frestað til næsta fundar*

12. Kynning “*Það sem ég hefði viljað vita fyrir ári síðan*” 18:00-18:13

- a. Kynning frá Brynhildi Þorbjarnardóttur, fráfaraandi Stúdentaráðsliða sem fer yfir það helsta sem gott er að hafa í huga sem nýr stúdentaráðsliði.
- b. Opnað fyrir mælendaskrá
- Dagbjört: Er krafa um að upplýsa stúdentaráð um það sem á sér stað í þeim nefndum og/eða sviðsráðum sem maður situr í? Brynhildur svarar að upplýsa skuli stjórn stúdentaráðs og sviðsráð á mánaðarlegum fundum. Ef málið er stórt er mælt með að ræða við forseta um hvort að erindið eigi erindi inn á Stúdentaráðsfund.
- c. *Stúdentaráðsliðar þakka Brynhildi fyrir gagnlega kynningu.*

13. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða 18:13-18:14

General inquiries by new Student Council members

- a. Hér gefst stúdentaráðsliðum að spyrja um hvað sem er - mælendaskrá opin. Engar spurningar – allt virðist vera á hreinu.

14. Önnur mál 18:14 - 18:34.

Other issues

- a. Tillaga um stúdentasjóð.
 1. Tillöguberi (*Arna Dís*) fer yfir meginatriði tillögunarinnar.

Atkvæðagreiðsla um að taka tillöguna fyrir.

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum að taka tillöguna fyrir.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

23. maí 2023

- T I L L A G A -

um heildarendurskoðun á lögum og verklagsreglum stúdentasjóðs

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs vinni heildarendurskoðun á lögum og verklagsreglum Stúdentasjóðs í sumar með það að markmiði að gera umgjörðina einfaldari og aðgengilegri.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentasjóður er í vörslu Stúdentaráðs og er hlutverk hans fjórþætt samkvæmt 1. gr. 2. mgr laga stúdentasjóðs:

1. tl. Að efla félags-, fræðslu og menningarstarfsemi stúdenta við Háskóla Íslands í tengslum við starf sem unnið er innan Háskóla Íslands.
1. tl. Að efla alþjóðasamstarf stúdenta við Háskóla Íslands og erlendra aðila.
2. tl. Að koma til móts við kostnað stúdenta Háskóla Íslands sem fara í greiningu vegna sértækra námsörðugleika og vegna athyglisbrests/ofvirkni (ADD/ADHD).
3. tl. Að koma til móts við erlenda stúdenta utan EES svæðisins sem glíma við fjárhagslega erfiðleika hérlendis.

Stúdentasjóður er ótrúlega mikilvægur fyrir stúdenta og gefur þeim stúdentum sem geta nýtt hann tækifæri til þess að draga úr meira álagi á fjárhag þeirra. Undirrituð er fráfarandi varaforseti Stúdentasjóðs og telur ástæðu til að lög og verklagsreglur séu teknar til heildarendurskoðunar með það að markmiði að gera úthlutun úr sjóðnum einfaldari fyrir sjóðsstjórn og aðgengilegri fyrir stúdenta. Mikilvægt er að sú vinna sé gerð í sumar til þess að hægt sé að ljúka vinnunni og leggja niðurstöðurnar fyrir Stúdentaráð fyrir fyrstu úthlutun að hausti. Í ljósi þess að ný stjórn Stúdentasjóðs er ekki kjörin fyrr en í haust er lagt til að skrifstofa Stúdentaráðs leiði vinnuna í samstarfi við fráfarandi forseta og varaforseta Stúdentasjóðs, Dagnýju Þóru Óskarsdóttur og Örnunni Dís Heiðarsdóttur.

Markmið þessarar endurskoðunar væri að gera úthlutunarreglurnar skilvirkari og einfaldari fyrir stúdenta en einnig fyrir þá einstaklinga sem sitja í stjórn Stúdentasjóðs hverju sinni.

Arna Dís Heiðarsdóttir, Stúdentaráðsliði 2023-24

2. Mælendaskrá opin

-Júlíus Viggó: Hver eru helstu atriðin sem þarf að laga, hvaða vandamál eru til staðar?

-Arna: Til dæmis að styrkur fyrir nema utan EES megi bara vera 5% af heildarútgjöldum sjóðsins. Lög og verklagsreglur ekki alltaf í samræmi.

-Guðmundur: Hugmyndir um að bæta við stofnunarstyrk fyrir ný félög.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

3. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 16 atkvæðum.

b. Umsögn um lækkun kosningaaldurs í 16

1. Atkvæðagreiðsla um taka umsögnina fyrir.

Atkvæðin skiptast á eftirfarandi hátt:

13 samþykk.

3 sitja hjá: Daníel Hjörvar Guðmundsson, Júlíus Viggó Ólafsson og Alex Elí Schweitz Jakobsson.

Umsögnin er því tekin fyrir.

153. löggjafarþing 2023-2023.

Þingskjal 599 - 497. mál.

23. maí 2023

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs).

Stúdentaráði Háskóla Íslands barst umsagnarbeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs). Þess ber að geta að Stúdentaráð skilaði inn [umsögn](#) þann 15. mars 2021 þegar álfka frumvarp var síðast lagt fyrir Alþingi. Stúdentaráð Háskóla Íslands vill því nýta tækifærið og ítreka það sem fram kom í þeirri umsögn.

Mikilvægt er að leitað sé eftir umsögn hjá samtökum ungs fólks en því miður er oft vöntun á samráði við ungt fólk af hálfu stjórnvalda. Ungt fólk á rétt á að hlustað sé á það og að aðgangur þeirra að ákvarðanatöku sé tryggður.

Stúdentaráð fagnar ákvæði 3.gr. um aukna lýðræðisfræðslu, sem tryggja þarf að bjóðist samhliða lækkun kosningaaldurs.

Það er tímabært fyrir Ísland að taka skref í átt að virkri lýðræðislegrri þróun og tryggja að 16 og 17 ára einstaklingar hafi aðgang að réttindum sínum til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Stúdentaráð skorar á Alþingi til að samþykkja frumvarpið.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rakel Anna Boulter

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

2. Mælendaskrá opin

-Júlíus Viggó: Er ekki fylgjandi tillögunni. Ekki sammála um að Stúdentaráð eigi að tala fyrir því að lækka kosningaaldur. *Gerir frekari grein fyrir skoðun sinni.*

3. Atkvæðagreiðsla

Atkvæðin skiptast á eftirfarandi hátt:

5 samþykkt: Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, Kristmundur Pétursson, Guðni Thorlacius, Júlía Karín Kjartansdóttir og Arna Dís Heiðarsdóttir.

7 sitja hjá: Steinunn Kristín Guðnadóttir, Alex Elí Schweitz Jakobsson, Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, Krístrún Vala Ólafsdóttir, Tanja Sigmundsdóttir, Laureen Ósk Jibrayel, Davíð Ásmundsson

4 á móti Elísabet Sara Gísladóttir, Daníel Hjörvar Guðmundsson, Júlíus Viggó Ólafsson og María Rós Kaldalóns.

Arna Dís spyr um tilhögun tillaga í framtíðinni, fyrirvara á þeim og hvort einhver frekari umræða muni eiga sér stað með umsögn þessa og afstöðu ráðsins. Hún óskar eftir að þetta málefni verði tekið til frekari umræðu.

1. Tilkynningar og mál á döfnni.

1. Það verður júní fundur og dagsetning verður ákveðin á næstunni - líklegast ekki fundur í júlí, stefnumótunarferð í staðinn.
2. Stefnumótunarferð - dagsetningin verður ákveðin von bráðar

Fundi slitið 18:34.

Meeting ends